

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssona
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2011.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um leiðréttingar á höfuðstól íbúðalána og minna vægi verðtryggingar (16.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreinda tillögu sem felur í sér endurskoðun á höfuðstól íbúðalána og breytingu á vægi verðtryggingar.

Viðskiptaráð Íslands tekur undir sjónarmið um að draga verði úr vægi verðtryggingar. Einnig er mikilvægt að nýta það svigrúm sem hægt er að nýta til að lækka skuldir heimilanna, þá sérstaklega íbúðaskuldir. Aðgerðir til þágu heimila þurfa að vera með sem skilvirkustum hætti og tryggja að þær nái þeim markmiðum sem þeim er ætlað. Hafa verður í huga að verðtrygging er ekki orsök vandans, heldur aðeins afleiðing hans, vandinn er samt sem áður sá óstöðugleiki sem við búum við, það er hann sem þarf að taka á.

Gagnrýna verður þó að ekki kemur fram í ofangreindri tillögu né greinargerð með henni hver áætlaður kostnaður sé við umræddar aðgerðir.

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands